

1862. fremur að taka til þessa þau börn, er hafa mist foreldra eður
 13. febrúar. vandamenn sína, eður þeir hafa yfirgefið, og því næst þau börn, er ekki geta fengið kristilegt uppeldi hjá foreldrum eður öðrum vandamönnum, heldur eru vanrækt og líða skort; þó er það vitaskuld, að til þessa þarf samþykki foreldranna, nema svo sé ástætt, að yfirvöldin, eptir hinum almennu ákvörðunum laganna, eigi rétt á að taka börnin burt frá foreldrum þeirra; svo ætti og, þegar þess er kostur, að reyna til að koma börnum þessum helzt fyrir þar, sem þau einnig gætu gengið í barnaskólann í Reykjavík, þegar hann er kominn á fót.

En áður en frekara sé að gjört, eruð þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, beðnir að láta í ljósi álit yðar um þetta efni, og að skýra um leið frá, hversu mikill sjóðurinn nú er.

15. febrúar. **9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni, til að stunda þjóðverzku, m. m.**

Með álitsskjali dags. 27. nóvemberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, um að honum verði veitt leyfi til að ferðast í vor til Danmerkur og þaðan til Þjóðverjaland, til þess að læra betur þýzka tungu, og að honum í þessu skyni verði veittur 400 ríkisdala ferðastyrkur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut á að máli, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að hann á tímabilinu frá því póstskipið kemur til Reykjavíkur í næstkomanda marzmánudi og þangað til skólaárið er á enda, fari ferð þá, sem hér er um rætt; þó verður hann að sjá fyrir því, að þær lærdómsgreinir, er hann á að kenna í skólanum, verði

1862.

15. febrúar.

tillhlýðilega kenndar meðan hann er fjærverandi, án nokkurs kostnaðar fyrir ríkissjóðinn; skal honum og veittur 300 ríkisdala styrkur af þeim 4000 ríkisdölum, sem til færðir eru í fjárlögum þessa árs 9. gr. G. c., til að ferðast hëðan til Þjóðverjalands, og eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að ávísa honum fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands fyrir 1. aprílm. þ. á., með því skilyrði, sem að ofan er getið.

**10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir-
valdanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Seli.** 22. febrúar.

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 16. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknast 16. þ. m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Reykjavíkur dómkirkju, Sel, sem er í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, sê seld Magnúsi bónda Jónssyni á Bráðræði fyrir 1500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að einn þriðjungur kaupverðsins að minnsta kosti sê greiddur undir eins, en tveir þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef sett sê fyrir þeim fyrsta veð í jörðinni, og goldið af 4 af hundraði í vöxtu á ári; þó skuli jörðin fyrst boðin til kaups með sömu skilmálum þeim landsetum, sem nú eru á henni; en fyrir þann hluta kaupverðsins, er þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabréf, er svarað sê af 4 af hundraði í vöxtu, og hljóði upp á Reykjavíkur dómkirkju-brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því og gjörið ýtarlegri ráðstafanir í því efni.